



Niðurstöður hluthafafundar N1 hf.

Hluthafafundur N1 hf. var haldinn þann 20. ágúst 2014 klukkan 16:00 að Dalvegi 10 - 14 í Kópavogi.

Í upphafi fundar var tilkynnt um að félaginu hafi borist úrsögn Herdísar Drafnar Fjeldsted og Kristjáns Ágústsonar úr varastjórn félagsins.

Tillaga um breytingar á samþykktum sem mælir fyrir um brottfall ákvæðis um varamenn í stjórn félagsins var samþykkt.

Þá fór fram kjör eins stjórnarmanns og var Jón Sigurðsson, kt. 180378-4219, kjörinn í stjórn félagsins.

Jón Sigurðsson

Jón Sigurðsson er fæddur árið 1978 og starfar í dag sem starfsmaður sérhæfðra fjárfestinga hjá GAM Management hf. Hann starfaði hjá Stoðum (áður FL Group hf.) frá árinu 2005-2010 og sem forstjóri félagsins frá lokum ársins 2007. Áður starfaði Jón sem starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á árunum 2003-2005 og sem starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar Búnaðarbankans árin 2002-2003. Jón situr í stjórn Refresco BV, Straumnes Ráðgjöf ehf. og Straumnes eignarhaldsfélags ehf. Áður sat Jón í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar, Icelandair Group, Glitnis banka og Hitaveitu Suðurnesja. Hann er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands og Bsc. próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.